Útdráttur úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra

Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „bankinn“) sem fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu, og útgefandi fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamarkaði, stendur óhjákvæmilega frammi fyrir hættu á hagsmunaárekstrum í starfseminni. Þess vegna leggur bankinn ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum hvað starf þeirra varðar og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir, eða takast á við, hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Þann 12. janúar 2023 samþykkti stjórn Íslandsbanka uppfærða stefnu um hagsmunaárekstra sem gildir um stjórn og starfsmenn bankans og þá útvistunaraðila sem hafa skuldbundið sig samkvæmt útvistunarsamningi til að hlíta henni við framkvæmd útvistunarverkefna. Stefnan gildir jafnframt um stjórnir og starfsmenn dótturfélaga bankans þar sem það er tekið fram.

Allir starfsmenn skulu þekkja og starfa í samræmi við stefnuna og skulu í starfi sínu greina hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum í starfseminni. Starfsmenn eru jafnframt ábyrgir fyrir því að greina og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta tengst þeim sjálfum.

Markmið og tilgangur stefnunnar

Markmið stefnunnar m.a. er að stjórn og starfsmenn bankans þekki og fylgi viðeigandi lögum, reglum og tilmælum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem um starfsemi bankans gilda.

Tilgangur stefnunnar er að tryggja að umgjörð um málaflokkinn sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur og tilmæli sem um hann gilda á hverjum tíma, ábyrgð og verkaskipting innan bankans í tengslum við hann sé skýr og fullnægjandi eftirlit með umgjörðinni sé viðhaft.

Greining og mat á hagsmunaárekstrum

Við mat á því hvort hagsmunaárekstrar séu til staðar gagnvart viðskiptavinum bankans skal litið til þess hvort aðstæður séu þannig að hætta sé á að bankinn, starfsmenn hans eða tengdur aðili:

- sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða komast hjá fjárhagslegu tapi á kostnað viðskiptavinar;
- hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavini er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreinanlegir frá hagsmunum viðskiptavinar að því er varðar niðurstöðuna;
- hafi fjárhagslegan eða annars konar hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar;
- stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur; eða
- þiggi eða muni þiggja hvatagreiðslu í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavinum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Í stefnunni er að finna greinargóð dæmi um aðstæður þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið í starfsemi bankans.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Þegar greining og mat á hagsmunaárekstrum leiðir í ljós að hætta á hagsmunaárekstrum sé fyrir hendi skal gripið til viðeigandi ráðstafana, bæði skipulags- og stjórnunarlegra. Meðal þeirra ráðstafana sem bankinn viðhefur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eru:

- Aðskilnaður starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og kemur þannig í veg fyrir að að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda
- Verklag, reglur og ferlar bankans miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra
- Tíð og reglubundin fræðsla til starfsmanna
- Starfskjarastefna bankans
- Aðrar auknar ráðstafanir sem nánar er kveðið á um í stefnunni

Eftirlit og frekari upplýsingar

Regluvörður hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar og verklag séu til staðar til að tryggja hlítni við stefnu þessa og ber ábyrgð á eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt.

Unnt er að óska eftir nánari upplýsingum um stefnu bankans um hagsmunaárekstra með því að senda beiðni á netfangið: hagsmunaarekstrar@islandsbanki.is.